

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 95/1965. **Sveinbjörn Jónsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f** (Ágúst Fjeldsted hrl.)

gegn

Hannesí Ingibergssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir **Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.**

Frávísun máls frá Hæstarétti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. maí 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1965 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefnda í málinu.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og mál-ið væri eigi gjafvarnarmál.

Dómismálaráðuneytið hefur hinn 11. maí 1965 veitt leyfi til að bera mál þetta undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands eru nú lagaskilyrði slíks leyfis þau, að „úrslit málsins“ séu „mikilvæg frá almennu sjónarmiði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja“. Dómendur „eiga samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 dóm um embættistakmörk yfirvalda, þ. e. hvort yfirvöld hafa gætt lagasjónarmiða og lagaskilyrða í starfi sínu“, eins og það var orðað í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 9. marz 1965, í málinu María Kristmundsdóttir gegn Sigmundi M. Andrés-syni. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 3. nóvember 1965, í málinu Ingibjörg Magnúsdóttir gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs var við það miðað, að Hæstiréttur ætti dóm

um lagaskilyrði leyfis til að bera mál undir Hæstarétt, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Fallast má í einu og öllu á þann lagaskilning, sem kemur fram í hinum nefndu hæstaréttardómum. Samkvæmt honum á Hæstiréttur dóm um það, hvort lagaskilyrði eru fyrir hendi til að leyfa áfrýjun máls, þótt málsfjárhæð nemi eigi kr. 5.000.00. Úrslit máls þess, sem nú er til meðferðar, eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða þau sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðilja. Samkvæmt þessu og þar sem málsefnið nemur eigi kr. 5.000.00, svo sem mælt er í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962, ber að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000.00 og renni til talsmanns stefnda.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Sveinbjörn Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, sem renni til talsmanns stefnda, Gunnars M. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**Jónatans Hallvarðssonar hæstaréttardómara og
Theodórs B. Línals prófessors.**

Ákvæði 16. gr. laga nr. 57/1962 ber að skýra þannig, að ráðherra meti til hlítar skilyrði greinarinnar fyrir veitingu leyfis til áfrýjunar máls, er sakarefni nemur ekki áfrýjunarfjárhæð samkv. 13. gr. sömu laga. Styðst sú skýring við aðdraganda að setningu lagaboðsins og er í samræmi við langvarandi réttarframkvæmd.

Ráðherra hefur ekki farið út fyrir valdmörk sín, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, með veitingu leyfis til áfrýjunar máls þessa. Verður mati hans á skilyrðum til út-

gáfu leyfisins því ekki hnekt og leyfinu eigi til hliðar vikið. Samkvæmt þessu er málinu réttilega áfrýjað, og verður kröfu stefnda um frávisun þess frá Hæstarétti ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreind frávisunarkrafa er eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Hannes Ingibergsson, Hjarðarhaga 60 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 8. janúar 1964, á hendur Sveinbirni Jónssyni, Sólheimum 38, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, báðum hér í borg, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 4.287.00 með 7% ársvöxtum frá 27. apríl 1963 til greiðsludags svo og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lömannafélags Íslands.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxta-kröfu sinnar í 6% frá 1. janúar 1965.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans, en til vara stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að skömmu fyrir kl. 4 síðdegis laugardaginn 27. apríl 1963 ók stefnandi bifreið sinni, R 13243, vestur Hringbraut hér í borg, og ók hann á hægri akrein. Á vinstri akrein ók stefndi bifreið sinni, R 5818. Skammt austan við gatnamót Hringbrautar og Smáragötu ók stefndi bifreið sinni yfir vinstri akreinina, og lentu bifreiðarnar þar í árekstri.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið vestur Hringbrautina frá Miklatorgi með um 35 km. hraða. Hafi hann fyrst ekið á vinstri akrein, en ofan við gatnamót Laufásvegar hafi hann ekið yfir á hægri akrein og haldið bifreiðinni á þeirri akrein. Kvaðst hann þá hafa verið nokkuð á eftir bifreið stefnda, en smáðregið á hana. Er hann hafi verið kominn á ská við bifreið stefnda, en þó ekki kominn upp að hlið hennar, hafi bifreiðinni skyndilega verið beygt yfir á hægri akrein og hafi bifreiðarnar þá alveg verið að komast að gatnamótum Smáragötu. Kvaðst stefnandi hafa reynt að forða árekstri með því að beita hemlum og reyna að sveigja bifreið sinni alveg upp að eyjunni milli akbrautanna, en það hafi ekki tekizt, vegna þess hve hann

var kominn nálægt bifreið stefnda, er þeirri bifreið var beygt. Stefnandi kvaðst ekki hafa orðið þess var, að stefndi hafi gefið til kynna með stefnuljósum, að hann hygðist beygja bifreið sinni til hægri.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni á vinstri akrein Hringbrautar í umrætt sinn. Er hann hafi komið að biðstöð Strætisvagna Reykjavíkur við gatnamót Laufásvegar, hafi hann séð mann bíða þar við stöðina, sem hann hafi nauðsynlega þurft að hitta. Þar eð hann hafi verið kominn svo nálægt gatnamótunum, hafi hann ekki getað beygt inn í þau gatnamót, en ákveðið að fara að gatnamótum Smáragötu og beygja þar yfir í nyrðri akbraut Hringbrautar til þess síðan að aka til baka. Er hann hafi verið kominn rétt vestur fyrir gatnamótin (Laufásvegar), hafi hann gefið stefnuljós til hægri, en ekki getað skipt um akrein vegna umferðar á hægri akreininni. Kvaðst stefndi hafa verið kominn vestur undir Smáragötugatnamótin, er autt pláss hafi verið að gatnamótunum, en þá hafi hann verið kominn með bifreið sína út á miðja akbrautina. Í bakspogli bifreiðar sinnar hafi hann þá séð til ferða R 13243, en talið hana vera svo langt á eftir sinni bifreið, að hann hefði nægan tíma til að komast inn á milli umferðareyjanna. Svo varð þó ekki og hafi framendi R 13243 lent á hægri framhurð bifreiðar sinnar. Stefnandi kvað bifreiðar hafa farið fram hjá sinni bifreið á vinstri akrein, nokkru áður en hann hafi beygt inn á milli umferðareyjanna.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að stefndi hafi einn átt alla sök á árekstrinum með því að beygja skyndilega og óvænt af vinstri akrein yfir þá hægri, er hann hafi átt skammt ófarið að mótum Smáragötu og Hringbrautar, og án þess að gefa þá stefnubreytingu til kynna með stefnuljósum. Með þessu hafi hann lokað hægri akreininni, sem stefnandi hafi ekið eftir, og svigrúm stefnanda til að stöðva bifreið sína þá orðið svo lítið, að ógerningur hafi verið að komast hjá árekstri. Með þessu hafi stefndi m. a. brotið gegn 2. mgr. 46. gr. umferðarlaga.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi með gálausum akstri bifreiðar sinnar í umrætt sinn átt einn sök á árekstrinum. Stefnandi hafi verið búinn að færa bifreið sína á miðja akbrautina. Hann hafi haft stefnuljós logandi á bifreiðinni og beygt yfir hægri akreinina, er hann hafi haft til þess tækifæri. Stefnandi hafi hins vegar ekið aftan á bifreið stefnda, sem þá hafi verið rétt staðsett á götunni miðað við þá leið, sem

stefndi hugðist aka. Varakrafa stefnda er á því byggð, að meginhluti sakar að árekstrinum sé hjá stefnanda.

Dómarinn hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður. Svo sem fram kemur hér að framan, voru bifreiðarnar á sinn hvorri akreininni, bifreið stefnda á þeirri vinstri, en bifreið stefnanda á þeirri hægri. Stefndi hugðist beygja til hægri inn í gatnamót Smáragötu. Bar honum því að færa bifreið sína í tæka tíð, áður en komið var að vegamótunum, yfir á hægri akrein. Jafnframt bar honum, áður en hann beygði, að gæta þess vandlega, að það væri unnt án hættu fyrir þær bifreiðar, sem á eftir honum komu á hinni hægri akrein. Af því, sem að framan er rakið, þykir stefndi ekki hafa gætt þess sem skyldi og með því valdið árekstrinum. Og þar sem eigi er í ljós leitt, að stefnandi hafi ekið bifreið sinni óeðlilega hratt eða á annan hátt sýnt af sér óaðgæzlu, þykir bera að leggja alla sök á árekstrinum á stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

- | | |
|-----------------------------|--------------|
| 1. Viðgerðarkostnaður | kr. 3.687.00 |
| 2. Afnotamissir | — 600.00 |

Samtals kr. 4.287.00

Um 1: Stefndi hefur viðurkennt fjárhæð þessa kröfuliðs að undanskildum kr. 15.00, sem er brunatryggingargjald, meðan bifreiðin var til viðgerðar. Telur stefndi, að ef hann beri fébótaábyrgð á tjóni því, sem á bifreið stefnanda varð í umrætt sinn, þá mundi hann hafa borið ábyrgð á því, ef bifreiðin eyðilegðist vegna bruna, meðan hún væri til viðgerðar.

Því er ómótmælt, að stefnandi greiddi gjald þetta til verkstæðis þess, er annaðist viðgerð bifreiðarinnar. Var fjárhæðin því hluti af tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, og ber stefnda að greiða stefnanda þá fjárhæð einnig. Kröfuliður þessi verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2: Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa kröfuliðs sem allt of háum. Bifreiðin hafi verið hrein einkabifreið stefnanda, sem er íþróttakennari.

Gegn mótmælum stefnda þykir stefnandi eigi hafa fært rök fyrir því, að hann hafi haft tekjur af bifreið sinni á umræddum tíma. Hins vegar þykir hann eiga rétt á nokkrum bótum fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 300.00.

Samkvæmt framansögðu telst tjón stefnanda nema alls kr.

3.987.00 (kr. 3.687.00 + 300.00). Verða stefndu dæmdir til in solidum að greiða honum þá fjárhæð auk vaxta, eins og krafizt er, en stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f hefur váttryggt bifreið stefnanda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sveinbjörn Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Hannesi Ingibergssyni, kr. 3.987.00 með 7% ársvöxtum frá 27. apríl 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.000.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. marz 1966.

Nr. 7/1965. **Schumann Didriksen** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
 gegn
Tómasi Jóhannessyni
 (Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Vinnusamningur. Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1965 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 7.836.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.